

# Siðareglur Kviku banka hf.

Samþykkt 26. nóvember 2020 / Ábyrgðaraðili: Stjórn

## 1. Tilgangur

- 1.1. Reglum þessum er ætlað að gera grein fyrir þeim siðferðislegu gildum sem stuðst er við í daglegum störfum Kviku banka hf. (*hér eftir nefndur „Kvika“ eða „bankinn“*). Þær eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber starfsmönnum að hafa þær að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavini og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd bankans.
- 1.2. Reglunum er ætlað að tryggja öryggi og hagsmuni viðskiptavina Kviku og annarra sem eiga hagsmuna að gæta í samskiptum sínum við og í störfum sínum fyrir bankann. Reglunum er jafnframt ætlað að draga úr áhættu, einkum rekstrar- og orðsporsáhættu, sem getur haft skaðleg áhrif á bankann.
- 1.3. Starfsmönnum ber skylda til að kynna sér reglurnar og fara eftir þeim í sínum störfum.
- 1.4. Við setningu reglna þessara var tekið mið af viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja nr. 11/2017.

## 2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar gilda um starfsmenn Kviku, stjórnendur og alla þá sem taka að sér verk fyrir hönd og í þágu bankans. Reglurnar skulu jafnframt gilda á samstæðugrundvelli og skulu gilda um starfsmenn og stjórnendur dótturfélaga bankans. Til að tryggja fylgni við reglurnar á samstæðugrundvelli skulu dótturfélög bankans sem teljast vera fjármálafyrirtæki skilningi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 jafnframt innleiða sérstakar reglur sembyggja á og vísa í þessar reglur. Reglur dótturfélaga skulu þó taka mið af meðalhófsreglu viðmiðunarreglnanna. Í tilvikum erlendra dótturfélaga bankans er heimilt að aðlaga reglurnar að þarlendum kröfum. Hvers kyns verulegar efnislegar breytingar skal tilkynna til regluvarðar bankans. Með starfsmönnum er átt við starfsmenn samkvæmt hefðbundnu ráðningarsambandi, verktaka eða samkvæmt annars konar sambandi sem byggir á vinnuframlagi gegn endurgjaldi.

## 3. Trúnaður

- 3.1. Starfsmönnum Kviku ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og við meðhöndlun upplýsinga. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptavina sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.
- 3.2. Starfsmönnum Kviku ber að eiga heiðarleg samskipti við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn skulu ekki nýta sér ekki upplýsingar sem þeir kunna að fá í starfi í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

## 4. Hagsmunaaðrekstrar

- 4.1. Innan Kviku eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hagsmunaaðrekstra sem upp geta komið í starfsemi bankans. Gætt er að aðskilnaði starfsviða til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra og stýra upplýsingastreymi sem þar fer á milli.

4.2 Starfsmenn skulu upplýsa regluvörð án tafar um þau atriði sem áhrif geta haft á hlutleysi eða sjálfstæði þeirra í störfum. Komi upp hagsmunaárekstrar er leyst úr þeim í samræmi við innri reglur bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

## 5. Fagleg þjónusta

5.1 Gildi bankans er langtímahugsun og stefna hans að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið sem meðal annars stuðla að sjálfbærni. Þegar teknar eru ákvarðanir ber starfsmönnum bankans þar af leiðandi að taka tillit til þess hvaða áhrif ákvarðanir hafa til lengri tíma litið, meðal annars út frá UFS þáttunum (umhverfi, félagslegur þáttur og stjórnarhættir) sem Kvika horfir til í starfsemi sinni, hvort sem um er að ræða innri málefni bankans, málefni viðskiptavina eða málefni samfélagsins.

5.2 Starfsmönnum Kviku ber að tileinka sér samviskusöm vinnubrögð og veita viðskiptavinum bankans faglega þjónustu í samræmi við lög, reglur, eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og gildi bankans og samfélagsstefnu hans.

5.3 Til viðbótar gr. 5.2 skulu starfsmenn almennt vera hreinskilnir og heiðarlegir í störfum sínum og sinna skyldum sínum af viðeigandi háttsemi.

5.4 Innri reglur Kviku eru reglulega uppfærðar og eftirlit haft með að þær séu í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

## 6. Upplýsingar til viðskiptavina

6.1. Starfsmenn Kviku skulu ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar og skýrar upplýsingar.

6.2. Kvika miðlar ekki ósönnum eða villandi upplýsingum til viðskiptavina, annarra hagsmunaaðila eða almennings.

## 7. Ábyrgð

7.1. Viðskiptaæiningar bankans bera hver um sig ábyrgð á áhættustýringu í daglegri starfsemi viðkomandi einingar í samræmi við þær stefnur, verklag og eftirlit sem um hverja einingu gilda og skulu starfa í samræmi við áhættuvilja, áhættustefnu og langtímamarkmið bankans.

7.2. Framkvæmdastjórum og eftir atvikum forstöðumönnum hvernar viðskiptaæingar ber að gera undirmönnum sínum grein fyrir þeim stefnum og verklagi sem viðkomandi eining starfar eftir og skulu sjá til þess að starfsmenn geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, til hvers sé ætlast af þeim og hvernig brugðist verði við ef starfsmenn fara útfyrir heimildir sínar og sýna annars af sér háttsemi sem er ekki í samræmi við reglur þessar.

7.3. Starfsmenn skulu ávallt geta ráðfært sig við næsta yfirmann varðandi hvers konar fyrirspurnir um starfslýsingu og þá ábyrgð sem viðkomandi starfi fylgir.

7.4. Framkvæmdastjórar og eftir atvikum forstöðumenn hvernar viðskiptaæiningar skulu án tafar gera starfsmanni viðvart ef útlit er fyrir að starfsmaður sé ekki að sinna starfi sínu með þeim hætti sem ætlast er til af honum og veita viðeigandi leiðbeiningar um starfslýsingu og ábyrgð.

7.5. Starfsmaður skal gera regluverði viðvart ef hann verður var við að ekki sé farið eftir ákvæðum þessarar gr. 7.

## 8. Eftirfylgni, birting o.fl.

- 8.1. Komi upp siðferðileg álitæfni í starfsemi Kviku skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð um úrlausn þeirra. Regluvörður skal skrá álitæfni sem upp koma og gera stjórn grein fyrir úrlausn þeirra.
- 8.2. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.
- 8.3. Reglurnar skulu kynntar fyrir öllum nýjum starfsmönnum. Regluvörður skal jafnframt þegar tilefni er til og a.m.k. árlega sjá til þess að starfsmenn séu áminntir um tilvist regnanna og efni þeirra og allir starfsmenn skulu staðfesta eftirfylgni við reglurnar.
- 8.4. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Kviku, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).

## 9. Viðurlög og fjárhagslegar afleiðingar

- 9.1. Gerist starfsmaður brotlegur við reglur þessar eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun að mati stjórnar bankans geta afleiðingarnar verið áminning eða, eftir atvikum og í samræmi við alvarleika brots eða ítrekuð brot, fyrirvaralaus brottrekstur úr starfi.
- 9.2. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um og gera sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir bankann ef starfsmaður verður uppvísa að broti á þeim lögum og reglum sem um bankann gilda, innri reglum bankans eða siðareglum þessum eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun. Afleiðingarnar geta m.a. verið rekstrar- og/eða orðsporstjón fyrir bankann sem getur leitt af sér fjárhagslegt tjón í formi málskostnaðar, sekta, missis viðskiptasambanda o.fl.


## 10. Breytingar

- 10.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær. Allar breytingar á reglum þessum skulu kynntar fyrir starfsmönnum bankans um leið og þær hafa tekið gildi.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 26. nóvember 2020.



Sigurður Hannesson




Guðjón Reynisson



Guðmundur Þórðarson



Inga Björg Hjaltadóttir



Hrönn Sveinsdóttir